Reykjavík

# Frístundaheimilið Neðstaland

## Starfsáætlun 2026-2027








**Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:**
Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

LÁTUM DRAUMANA RÆTAST

# Efnisyfirlit

Inngangur ..... 3
Innra mat 2025-2026 ..... 3
Umbótaáætlun 2026-2027 ..... 3
Þróunarverkefni og áherslur starfsársins ..... 5
Helstu dagsetningar ..... 6
Ágúst ..... 6
September ..... 6
Október ..... 6
Nóvember ..... 6
Desember ..... 6
Janúar ..... 6
Febrúar ..... 6
Mars ..... 7
Apríl ..... 7
Maí ..... 7
Júní ..... 7
Júlí ..... 7

## Inngangur

Í þessari starfsáætlun er fjallað um innra mat frístundaheimilisins Neðstalands auk þess sem tilgreindir eru viðburðir og dagsetningar í hverjum mánuði sem skiptir máli í starfinu.

Markmið með innra mati er að efla árangur og gæði frístundastarfs. Metið er út frá útgefnum Viðmiðum og vísbendingum fyrir innra og ytra mat á gæðum frístundastarfs Reykjavíkurborgar þar sem vísbendingar sem þykja framúrskarandi eða mjög góðar eru taldar til styrkleika en vísbendingar sem fá einkunnina ábótavant eða óviðunandi fara í umbótaáætlun. Niðurstöður viðhorfskannana eru ávallt ryndar í innra mati.

## Innra mat 2025-2026

Styrkleikar og tækifæri eru byggð á niðurstöðum úr innra mati síðasta árs og unnin út frá matsblöðum fyrir áhersluþætti innra mats.

**Styrkleikar (vísbendingar sem fá A)**

- Skilaboð til barnanna og mikilvægar upplýsingar eru myndrændar og sýnilegar í þeirra hæð.
- Starfsumhverfi er án aðgreiningar og einkennist af hlýju, öryggi og virðingu.
- Dagskipulag er endurmetið reglulega út frá þörfum barnanna. Verkaskipting og ábyrgð starfsfólks í daglegu starfi er skýr og öllum ljós
- Samskipti starfsfólks við börnin og hvert annað, einkennist af umhyggjusemi, þolinmæði og lausnarmiðun. Starfsfólk hrósar og hvetur hvert annað og börnin.
- Tekið er á móti börnunum og þau kvödd með skipulögðum hætti, þannig ljóst sé hversu mörg börn eru á frístundaheimilinu hverju sinni.

**Tækifæri (vísbendingar sem fá C eða D)**

- Börnin eru hvött til þess að vera forvitin og takast á við fjölbreytt og krefjandi verkefni, þar sem náttúra og nærumhverfi eru nýtt sem vettvangur leiks og starfs.
- Frístundaheimilið veitir viðeigandi fræðslu til nýrra starfsmanna frístundaheimilisins, hvetur til símenntunar og skapar aðstæður til starfsþróunar.
- Skipulag húsnæðis og útileiksvæðis gerir ráð fyrir ólíkum viðfangsefnum barna og börnum eru tryggð jöfn tækifæri þegar kemur að vali.
- Úrval af efniviði og búnaði er til staðar sem höfðar til mismunandi áhugasviðs barna og mætir þörfum þeirra óháð aldri og þroska.

## Umbótaáætlun 2026-2027

| **Heiti aðgerðar:** | Aukin þátttaka barna í barnalýðræði og hugmyndakassa |
|---|---|
| **Umbótaþáttur/matsþáttur** (t.d. út frá köflum í matsblöðum fyrir áhersluþætti innra mats. Börnin/Lýðræði og þátttaka, Starfshættir og viðfangsefni, Faglegt starf, Bjargir og skipulag) | Börnin á frístundaheimilinu – barnalýðræði og þátttaka barnanna |



LÁTUM DRAUMANA RÆTAST

| | |
|---|---|
| **Tækifæri til umbóta.** Út frá innra mati frá fyrra ári. | Hugmyndakassi hefur verið á svæðinu síðustu ár og börnin hafa verið dugleg að senda inn hugmyndir. Verkefnið hefur þó enn ekki verið sett af stað á þessu skólaári. Tækifærið væri að byrja á verkefninu aftur og efla þátttöku barnanna. |
| **Aðgerðir til umbóta.** Hvernig á að framkvæma það? | Koma hugmyndakassa fyrir á áberandi stað í nýju húsnæði frístundaheimilisins. Kynna hugmyndakassann fyrir börnunum og hvetja þau til þátttöku. Skipta börnunum niður í hópa sem koma saman og ræða og kjósa um hugmyndirnar. |
| **Ábyrgð** | Forstöðumaður, aðstoðarforstöðumaður og starfsmaður sem verður settur yfir verkefnið. |
| **Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?** | Nóvember 2026 – júní 2027 |
| **Hvenær og hvernig á að endurmeta?** Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn) | Rætt verður við starfsfólk og börnin. |
| **Viðmið um árangur.** Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði | Ánægja á meðal barnanna og að þau finni að þeirra rödd fái að heyrast á frístundaheimilinu. |
| | |
| **Heiti aðgerðar:** | **Bæta úrval efniviðar og búnaðar** |
| **Umbótaþáttur/matsþáttur** (t.d. út frá köflum í matsblöðum fyrir áhersluþætti innra mats. Börnin/Lýðræði og þátttaka, Starfshættir og viðfangsefni, Faglegt starf, Bjargir og skipulag) | Bjargir og skipulag |
| **Tækifæri til umbóta.** Út frá innra mati frá fyrra ári. | Bæta úrval þess efniviðar og búnaðar sem er til staðar á frístundaheimilinu. Hindranir líkt og flutningar, mygla og lítill fjárhagur hafa gert erfitt fyrir síðustu árin. |
| **Aðgerðir til umbóta.** Hvernig á að framkvæma það? | Versla inn fjölbreytt leikföng í góðum gæðum, leggja áherslu á umhverfisvæn leikföng og föndurvörur. Vera með leikföng sem henta öllum börnum svo eitthvað sé fyrir alla. Hægt að virkja hugmyndakassann og nota hann í þessari aðgerð. |
| **Ábyrgð** | Forstöðumaður |
| **Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?** | Ágúst 2026 – júní 2027 (verkefnið verður þó lengra) |
| **Hvenær og hvernig á að endurmeta?** Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn) | Ástand og byrgðir leikfanga skoðuð við lok haust- og vorannar. Rætt við börnin og starfsfólkið um hvað þeim vantar. |

| | |
|---|---|
| **Viðmið um árangur.** Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði | Leikföngin eru í góðu standi í lok anna. Nóg úrval fyrir alla. Hægt að bjóða upp á fjölbreyttan leik og klúbbastarf sem höfðar til allra árganga í frístundaheimilinu. |
| | |
| **Heiti aðgerðar:** | **Bæta móttöku nýliða** |
| **Umbótaþáttur/matsþáttur** (t.d. út frá köflum í matsblöðum fyrir áhersluþætti innra mats. Börnin/Lýðræði og þátttaka, Starfshættir og viðfangsefni, Faglegt starf, Bjargir og skipulag) | Mannauður og faglegt starf |
| **Tækifæri til umbóta.** Út frá innra mati frá fyrra ári. | Tækifæri til þess að nýta betur gátlista móttökuáætlunar nýliða. |
| **Aðgerðir til umbóta.** Hvernig á að framkvæma það? | Nýta gátlista móttökuáætlunar nýliða og mentora/fóstra kerfið eins og hægt er. |
| **Ábyrgð** | Forstöðumaður |
| **Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?** | Janúar 2027 – mars 2027 |
| **Hvenær og hvernig á að endurmeta?** Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn) | Skipulagt samtal við nýliða 4-6 vikum eftir að þeir hefja störf á frístundaheimilinu. |
| **Viðmið um árangur.** Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði | Að nýir starfsmenn séu öruggir með sitt hlutverk og viti til hvers sé ætlað af þeim. Að nýir starfsmenn fái fljótt og örugglega aðgang og kennslu að öllum helstu kerfum sem notuð eru í starfinu. |

## Þróunarverkefni og áherslur starfsársins

út frá Menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 og Almennum aðgerðum menntastefnu Reykjavíkur 2025-2027.

**Félagsfærni**

Aðstoða börnin við að eiga árangursrík og góð samskipti við önnur börn, að setja sig í spor annarra og að tjá tilfinningar sínar.

**Sköpun**

Leyfa ímyndarafli barnanna að leika laust um hala. Gefa börnunum vettvang til þess að skapa og tjá sig í gegnum listir og leik.

**Sjálfsefling**

Að barnið læri að þekkja styrkleika sína og veikleika og hafi trú á eigin getu. Efla trú barnanna á sjálfum sér ásamt að efla sjálfstjórn og samskiptahæfni

# Helstu dagsetningar

## Ágúst
20. ágúst – Síðasti dagur í sumarstarfi
21. ágúst – Skipulagsdagur í frístund
24. ágúst – Skólasetning
25. ágúst – Vetrarfrístund hefst (1. & 2. bekkur tekin inn)

## September
8. september – Dagur læsis
11. september – Starfsdagur í skóla, heill dagur í frístund
16. september – Dagur íslenskrar náttúru
25. september – Fyrsti dagur í vetrarfrístund fyrir 3. & 4. bekk
26. september – Evrópski tungumáladagurinn

## Október
6. október – Foreldrasamtöl í skóla, heill dagur í frístund
22., 23. & 26. október – Vetrarfrí
27. október – Bangsa- og náttfatadagur
30. október - Hrekkjavökudagur

## Nóvember
8. nóvember – Baráttudagur gegn einelti
9. nóvember – Grænn dagur
16. nóvember – Dagur íslenskrar tungu
19. nóvember – Skipulagsdagur í skóla, heill dagur í frístund
20. nóvember – Dagur mannréttinda barna
Flutningar Neðstalands inn í Fossvogsskóla og Efstalands í Útland á dagskrá

## Desember
1.desember – Fullveldisdagurinn
4. desember – Jólapeysu/rauður dagur
8. desember – Jólaforeldrakaffi
18. desember – Jólaskemmtun, skertur dagur í skóla
21., 22. & 23. desember – Heilir dagar í frístund, jólafrí
28., 29. & 30. desember – Heilir dagar í frístund, jólafrí
Farið verður yfir stöðu búnaðar og efniviðar á frístundaheimilinu

## Janúar
15. janúar – Hattadagur
22. janúar – Bóndadagur (upphaf Þorra)
27. janúar – Skipulagsdagur í skóla, heill dagur í frístund

## Febrúar
4. febrúar – Foreldrasamtöl, heill dagur í frístund
8. febrúar – Bolludagur
9. febrúar – Sprengidagur
10. febrúar – Öskudagur, skertur dagur í skóla
11. febrúar – Dagur íslenska táknmálsins
21. febrúar – Konudagur (upphaf Góu)
22. & 23. febrúar – Vetrarfrí

## Mars
18. mars – Mislitir sokkar
19. mars – Furðufatadagur
22., 23. & 24. mars – Heilir dagar, páskafrí
Umbótum vegna móttöku nýliða á að ljúka

## Apríl
11.-15. apríl – Hjóladagar
19.-23. apríl – Barnamenningarhátíð
27. apríl – Menntastefnumót, skipulagsdagur í frístund

## Maí
3.-5. maí – Þemadagar
25. maí – Skipulagsdagur í skóla, heill dagur í frístund
Leikskólaheimsóknir frá þremur leikskólum verða í maí. Dagsetningar ekki ákveðnar.

## Júní
4. júní – Sumarhátíð frístundaheimilisins
7.-9. júní – Heilsueflingardagar
10. júní – Skólaslit
11. júní – Skipulagsdagur í frístund
14. júní – Sumarstarf hefst
Farið verður yfir ástand búnaðar og efniviðar á frístundaheimilinu

## Júlí
9. eða 16. júlí – Síðasti dagur sumarstarfs fyrir sumarfrí